

9. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 14. ágúst 2019 kl. 14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru björn Torfason Melum 1, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Vegna fjarveru AB og GAÁ eru innkallaðir 1. og 2. varamaður, Úlfar Eyjólfsson Krossnesi og Magnús Karl Pétursson Djúpavík. Oddviti óskaði leyfis til að bæta við dagskrá fundarins vegna erinda sem borist hafa eftir að fundarboð var sent út. Hreppsnefnd varð við þeirri beiðni og verða þau atriði rædd sem liðir nr. 10, 11, 12 og 13. Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Úthlutun úr styrkvegasjóði Vegagerðarinnar, bréf lagt fram til kynningar og umræðu.
2. Lánasjóður sveitarfélaga, tilkynning um breytingu á vöxtum. Lagt fram til kynningar.
3. Vinna vegna skjalavörslu og skjalastjórnunar sveitarfélagsins.
4. Bréf frá Verkalýðsfélagi Vestfjarða, staða kjarasamninga, launamál, kílómetragjald og fleira .
5. Niðurstöður Minjaverndar og Úrskurðarnefndar. Staða mála.
6. Leitarseðill fyrir haustið 2019, viðgerð á girðingum og Kjósar- og Melarétt.
7. Kostnaður vegna kærumála í tengslum við kosningar á síðasta ári.
8. Borun eftir vatni í Norðurfirði?
9. Umsóknir um styrki frá NATA, samstarfssamningi Íslands, Færeyja og Grænlands.

1. Úthlutun úr styrkvegasjóði Vegagerðarinnar, kynning og umræða. Hreppsnefnd var sammála um að nýta peningana í afleggjarann í Naustvík og ofaníbúð í Kúvíkurveginn.

2. Lánasjóður sveitarfélaga, tilkynning um breytingu á vöxtum, lagt fram til kynningar. Hreppsnefnd er sammála um ágæti þess að vextir fari lækkandi á láni sveitarfélagsins sem tekið var í tengslum við hafnarbætur í Norðurfirði.

3. Vinna vegna skjalavörslu og skjalastjórnunar sveitarfélaga. Farið lauslega yfir málin, mikil ánægja er með störf þeirra tveggja sem staðið hafa að þessari vinnu fyrir sveitarfélagið.

4. Bréf frá Verkalýðsfélagi Vestfjarða, staða kjarasamninga, launamál, kílómetragjald og fleira. Lagt fram til kynningar og verður rætt síðar.

5. Niðurstöður Minjaverndar og Úrskurðarnefndar, staða mála. Þar sem margt hefur gerst frá þessum úrskurðum var ekki talin ástæða til að ræða þessi mál frekar.
6. Leitarseðill fyrir haustið 2019, viðgerð á girðingum og Kjósar- og Melarétt. Gengið var frá leitarseðli 2019. Bændur munu kanna ástand réttanna og annast viðgerðir ef einhverjar eru.
7. Kostnaður vegna kærumála í tengslum við kosningar á síðasta ári. Kostnaður vegna þessa máls er kominn yfir 2 milljónir og hreppsnefnd var sammála um reyna að ná þessum fjármunum inn með einhverjum hætti.
8. Borun eftir vatni í Norðurfirði. Rætt hvort eitthvað sé hægt að gera til að ná góðu vatni, og hvort hugsanlega sé hægt að sækja um styrki einhvers staðar. Einnig æskilegt að finna einhvern sem getur veitt ráðgjöf varðandi staðsetningu.
9. Umsóknir um styrki frá NATA, samstarfssamningi Íslands, Færeyja og Grænlands. Skoðað aðeins og ákveðið að vekja athygli íbúa á þessum möguleikum. Ákveðið að setja upplýsingar inn á heimasíðu og samskiptasíður hreppsins.
10. Umhverfisstofnun – vegna Norðurfjarðarhafnar. Upplýst um bréf sem oddviti sendi til stofnunarinnar.
11. Erindi frá Elínu Öglu varðandi smalaskólann. – Oddvita falið að ræða við aðila máls.
12. Bréf frá Stefáni K. Lúðvíkssyni vegna jarðarinnar Kambs. Hreppsnefnd felur oddvita að svara þessu bréfi.
13. Frumvarp til laga frá árinu 1956 varðandi sölu Engjaness til Guðjóns Guðmundssonar hreppsstjóra á Eyri. Skjal þetta var lagt fram til kynningar

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:00 .